

Alþingi
Erindi nr. P 139/1425
komudagur 21.2.2011

21.2.2011

Viðskiptanefnd Alþingis.

Varðandi 87. mál sem er á dagskrá hjá viðskiptanefnd kl. 17:15 í dag:

Því miður kemst undirrituð ekki á fund viðskiptanefndar í dag. Í staðinn leyfi ég mér að koma eftirfarandi viðbótarathugasemdum á framfæri skriflega.

Jafnréttisstofa vill ítreka þær athugasemdir sem fram koma við frumvarpið, 87. mál, þskj. 92, í umsögn stofunnar frá 14. desember 2010. Sérstaklega er mikilvægt að í frumvarpinu komi fram með skýrum hætti hvaða afleiðingar það hefur, verði ekki farið eftir ákvæðum um kynjakvóta og kynjahlutföll sem lögð eru til í frumvarpinu. Á skýrra ákvæða um afleiðingar er hætta á því að breytingarnar sem frumvarpið kveður á um muni hafi litla þýðingu í raun.

Jafnréttisstofa vill einnig koma því á framfæri hvort ekki sé rétt að setja ákvæði í öll þau lög sem fjallað eru um í frumvarpinu á þskj. 92, 87. máli, sem kvæði á um sem jöfnust kynjahlutföll í framkvæmdastjórnnum, þar sem þær eru. (amk 40/60 regluna) í 1. mgr. 18. gr. jafnréttislaga segir að sérstök áhersla skuli lögð á að jafna hlut kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum, en miðað við þá stöðu sem er almennt varðandi framkvæmdastjórnir fyrirtækja hér á landi þá hafa fyrirtæki ekki fylgt þessu nægjanlega við skipan í framkvæmdastjórnir.

Virðingarfyllt,
f.h. Jafnréttisstofu

Ingibjörg Elíasdóttir lögfræðingur